

Stjórnugrís hf
Saltvík 1
162 Reykjavík

Reykjavík, 3.3.2022
UST202105-121/F.T.
08.12.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 12. maí 2021 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 17. desember 2020 í í svínabú Stjórnugrís að Brautarholti.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Grein 4.1 í 1.kafla sértækra starfsleyfisskilyrða og fylgiskjali 1 við reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Sjáanlegar útfellingar voru í skurði við útrás fráveitu frá rotþró þegar eftirlitið fór fram. Samkvæmt fylgiskjali 1 í reglugerð 798/199 má hvergi vera set eða útfellingar við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka. **Staðfest var í eftirliti stofnunarinnar 3. desember 2021 að ekki var að sjá óeðlilega skán í skurðinum.**
2. Grein 8.2 í 1. kafla sértækra starfsleyfisskilyrða. Leki var sjáanlegur frá hrægámi en skv. ákvæðum starfsleyfisskilyrðanna að ganga skuli frá dýrahraejum til förgunar í þétta, lokaða gáma. **Skv. upplýsingum frá rekstraraðila í eftirliti var búið að laga gáminn.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávíkunum lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir
staðgengill sviðsstjóra

Frigg Thorlacius
lögfræðingur